



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Kjósarhreppur  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 22. júlí 2005  
Tilvísun: UST20050600215/óaj

### Tillaga að deiliskipulagi á skika úr landi Þúfu í Kjósarhreppi

Vísað er til erindis Ólafs Arnar Ingimundarsonar, dags. 27. júní sl. þar sem hann óskar umsagnar Umhverfisstofnunar vegna ofangreinds deiliskipulags. Í tillögunni er gert ráð fyrir íbúðarhúsi ásamt bílskúr samtals allt að 250 fm, 15-25 fm gestahúsi, og útihúsum (hesthúsi og hlöðu) samtals allt að 150 fm. Að öðru leyti verður landið ætlað til beitar og trjáræktar.


Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá ofnakerfum, heitum pottum, baðkörum og sturtuklefum þarf ekki að leiða í rotþró, þar sem slíkt vatn er lítið mengað, en getur skert virkni rotþróarinnar til muna. Affallsvatn af þessum toga má hins vegar leiða í skiptibrunn eða jöfnunarþró til jafnrar dreifingar í sér dreifilögn sem lögð er yfir jarðveg eða malarbeð.


Í greinargerð er ekki er gert ráð fyrir söfnun eða geymslu úrgangs, sem til mun falla ef kemur til reksturs hesthúss á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að ef hesthús verður byggt þarf að vera til staðar góð lokuð hauggeymsla. Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og einnig 6. gr. ofangreindra laga varðandi söfnun, geymslu og notkun búfjáraburðar.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er hvorki friðlýst né á náttúruminjasrá. Svæðið er ekki á náttúruverndaráætlun og þar eru ekki jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Af þeim gögnum sem stofnuninni bárust má ráða að hvorki séu líkur á að bygging íbúðarhúss, gestahúss og útihúsa muni fylgja verulegt rask, mengun eða ónæði né að staðsetning húsanna skerði aðgengi meðfram Skorá. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
sérfræðingur

  
Stefán Einarsson  
staðgengill forstöðumanns

Afrit: Skipulagsstofnun

Afrit: Ólafur Örn Ingimundarson, Langholtsvegi 122, 104R